

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973,
með síðari breytingum.**

1. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 169,00 kr. á hemil á mánuði.
Vatnsgjald er kr. 304,00 fyrir hvern lítra á mínútu á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977,
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A) Samkvæmt magnhemli kr. 859,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

B) Samkvæmt vatnsmæli kr. 42,90 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Pegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatns-
nota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju
tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Jöfnur í 7. gr. gjaldskrárinnar, sem gilda um útreikning á heimædagjaldi verði þannig:

$$\text{A-liður: } H = 30\,700,00 + 33,30 \times V$$

$$\text{B-liður: } H = 46\,000,00 + 50,10 \times V$$

$$\text{C-liður: } H = \frac{H_n}{30\,700,00 \times n + 33,30 \times V_n} \times (30\,700,00 + 33,30 \times V)$$

11. gr. gjaldskrárinnar, fyrsta málsgrein, orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1.
apríl 1983, 1774 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 10. maí 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 280/1983 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 30. maí 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

A. Fastagjald kr. 73,80 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B. Vatnsgjald kr. 168,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

C. Vatnsgjald kr. 10,60 pr. m³.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.